

Fyrsti áfangi Glerárkirkju á Akureyri verður vígður á sunnudaginn við hátíðlega athöfn. Biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson, vígir kirkjuna. Í tilefni þessa merka áfanga ræddi Dagur við þá Inga Þór Jóhannsson, formann Byggingarnefndar Glerárkirkju, Svan Eiríksson, arkitekt, og sóknarprestinn, séra Pálma Matthíasson.

Ingi Þór Jóhannsson:

– Hvenær komu fyrst fram hugmyndir um Glerárkirkju?

„Það er langt síðan hugmyndir um þetta komu fram. Á undanförunum árum hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf sem fólst m.a. í leit að hentugri lóð fyrir kirkjuna. Lengi vel var hugmyndin að nota lóð norðan Glerárskóla á ánum sem þar er. Við nánari athugun kom í ljós að sá staður hentaði ekki vel og þá fannst sá staður sem kirkjan er á nú, þetta var árið 1982. Bæjarstjórn veitti þessa lóð til kirkjunnar og það má segja að verulegur skriður hafi komið á byggingarmálin eftir að Glerárprestakall var stofnað 1981.“

– Hvenær hóf núverandi byggingarnefnd störf?

„Sú byggingarnefnd, sem nú starfar, hóf störf í nóvember 1983. Hinn 31. maí 1984 tók biskup Íslands fyrstu skóflustunguna að kirkjunni. Síðla árs 1983 hafði verið gengið frá samningi við Svan Eiríksson, arkitekt, um hönnun og teikningu kirkjunnar. Jarðvegsvinna hófst sumarið 1984 og síðan hefur verið unnið sleitulaust við kirkjuna og aldrei stoppað.“

– Hvernig hefur fjármögnun gengið?

„Það var eitthvað til af peningum í sjóði frá fyrri tíð þegar verkið hófst. Þá hefur kirkjan notið styrkja og áheita frá mörgum aðilum, bæði einstaklingum og



Hin nýja Glerárkirkja er Akureyrarbæ og þjóðkirkju Íslands til sóma. Frá v.: Ingi Þór Jóhannsson, formaður byggingarnefndar, sr. Pálmi Matthíasson sóknarprestur, Svanur Eiríksson, arkitekt og Eiríkur Stefánsson byggingarstjóri.

Vígsla Glerárkirkju:

„Ég er Guði þakklátur fyrir að eiga slíka höfðingja í sókninni“

– segir sr. Pálmi Matthíasson

fyrirtækjum. Akureyrarbær styrkti kirkjubygginguna bæði í ár og í fyrra og veitti okkur ýmsan mikilsverðan stuðning. Þá megum við ekki gleyma þeim fjölmörgu aðilum sem hafa unnið hér myrkranna á milli í sjálfböðavinnu.“

– Hvað er kirkjan stór?

„Efri hæðin er um það bil 1100 fermetrar og neðri hæðin er um 1000 fermetrar svo þetta gerir samtals 2100 fermetra. Sá hluti kirkjunnar sem við tókum nú í notkun er anddyrið og svonefnd suðurálma, alls um 500 fermetrar. Suðurálman verður notuð til guðsþjónustuhalds fyrst um sinn en seinna eiga að koma þar skrifstofur fyrir sóknarprestinn og sóknarnefnd, kapella, fatahengi o.fl.“

– Þið hafið ákveðið að taka kirkjuna í notkun að hluta en bíða ekki þar til hún verður fullkláruð?

„Það er mjög brýnt að taka hana strax í notkun því aðstaða í sókninni er nær engin. Á þeim

árum sem liðin eru síðan Glerárprestakall var stofnað hefur verið messað í Glerárskóla við mjög slæmar aðstæður. Fermingar og messur hafa farið fram í Lögmannshlíðarkirkju við bágborna aðstöðu, þar eru t.d. engar snyrtingar eða rennandi vatn og fermingarbörn hafa verið búin í strætisvagni eins og margir vita. Því lögðum við á það mikla áherslu að koma hluta kirkjunnar í notkun strax og þetta þótti hentugasta leiðin til að ná því markmiði.“

– Hvenær mun kirkjubyggingunni ljúka?

„Það eru ekki neinar ákveðnar hugmyndir um það í bili en við ætlum að sjá til hvernig staðan verður eftir að þessum áfanga er lokið. Þetta er líka spurning um fjármagnshliðina á málinu.“

– Hefur sóknarfólkið sýnt þessu mikinn áhuga?

„Já, það hefur gert það, annars værum við ekki komnir þetta lang. Það hafa 2-3 hundruð

manns unnið hér í sjálfböðavinnu og fólkið hefur verið mjög viljugt að koma hingað til að vinna. Ég vil, fyrir hönd byggingarnefndar, þakka þessu fólki fyrir vel unnin störf og er þess fullviss að unnt

verður að halda áfram á sömu braut.“

Svanur Eiríksson, arkitekt:

– Var búið að leggja fyrir þig einhverjar ákveðnar hugmyndir

þegar þú fékkst það verkefni að teikna þessa kirkju?

„Nei, fyrst voru menn með aðra lóð í huga og það hafði enginn gert sér grein fyrir þessu í neinum smáatriðum. Hugmyndir að kirkjunni þróuðust í samvinnu við sóknarnefnd og byggingarnefnd. Ég ákvað að taka þetta verk að mér rétt fyrir jólin 1982 en hafði ekki tíma til að fara í verkið fyrr en haustið 1983. Teikningarnar voru gerðar þennan vetur og voru tilbúnar í maí 1984 og þá var byrjað að byggja. Ég átti oft erfitt með þetta því framkvæmdir gengu svo fljótt fyrir sig hjá verktökunum og byggingarnefndinni.“

– Hvaða sjónarmið hafðirðu aðallega í huga þegar þú skipulagðir kirkjuna?

„Ég hafði raunar aðeins eitt sjónarmið í huga og það var að gera gott hús sem væri nýtilegt fyrir alla þá starfsemi sem hér átti að fara fram. Það var ákveðið að setja kjallara undir kirkjuna og það var lengi vel ekki á hreinu hvað ætti að fara þar fram og er það ekki heldur í dag. Ég fór þannig í þetta að kjallarinn var glerjauður og hann verður sem sagt notaður undir einhverja starfsemi, ég fór þarna tiltekinn milliveg í skipulagningunni.“

– Er þessi kirkja nýttiskuleg í útliti?

„Ég býst við því að fólk segi það. Fólk hugsar oft um hina hefðbundnu íslensku kirkju með turni og öðru sem því finnst tilheyra kirkju. Það var t.d. sagt við mig á einum byggingarnefndarfundi að ég skyldi reyna að hafa þetta dálítið kirkjulegt. Það er erfitt að segja til um það hvað er kirkjulegt og hvað ekki.“

– Ertu ánægður með árangurinn af verkinu, er þetta það sem þú sást fyrir þér þegar þú teiknaðir kirkjuna?

„Já, ég held að það þýði ekki annað en að segja það. Annars voru teikningar teknar í notkun um leið og þær voru tilbúnar, stundum óþægilega snemma, en ég varð að taka því. Miðað við hraðann á verkinu þá er ég ánægður en ég neita því ekki að betra hefði verið að hafa meiri tíma.“

– Er þessi bygging í einhverjum ákveðnum stíl?

„Nei, það er varla hægt að segja það. Þetta er teiknað fyrst og fremst með notagildi í huga.“

– Er öðruvísi tilfinning að teikna kirkju en önnur hús?

„Já, mér finnst það miklu alvarlegra mál. Þetta er jú hálfopinber bygging og þessum hlutum verður ekki breytt eins og í einbýlishúsum. Þessi bygging á að standa lengur en mörg önnur hús og þess vegna er þetta miklu alvarlegra mál og meiri ábyrgð sem fylgir þessu.“

– Er þetta fyrsta kirkjan sem þú teiknar?

„Nei, ég teiknaði kirkju fyrir Hvítasunnusöfnuðinn en hún er miklu minni en þessi. Það er nú

